

## Skýrsla stjórnar - Aðalfundur 2018

Á aðalfundi Kynjakatta 2017 létu þær Guðbjörg Hermannsdóttir formaður og Kristín Hólm ritari af störfum í stjórn. Við þökkum þeim innilega fyrir þeirra störf í þágu félagsins.

Í þeirra stað komu inn ný Sigurður Ari Tryggvason sem formaður og Sigríður Þóra Gabrielsdóttir sem ritari, einnig hlaut Íris Ebba Ajayi endurkjör í stöðu gjaldkera.

Eftir fundinn í maí kaus Guðný Ólafsdóttir að hætta í stjórn.

Við endurskoðun reikninga og gerð ársreikninga fyrir 2016 komu upp verulegar aðfinnslur við gerð bókhalds sem leiddi til tafa á gerð ársreiknings, því var haldinn framhalds aðalfundur í byrjun júlí þar sem farið var yfir reikningana en fella þurfti niður stóran hluta bókfærðra eigna félagsins til að koma saman ársreikningi 2016 og loka árinu.

Vegna þess hvernig þetta var gert þá hafa verið tafir á gerð ársreiknings fyrir 2017 en það ætti að verða auðveldara að ganga frá þessum málum í framtíðinni.

Á þessum fundi var Anna María Moestrup kosin sem gjaldkeri fram að aðalfundi 2018 og einnig staðfest kjör Sigríðar Þóru eftir kæru á fyrri kosningu.

Núverandi stjórn tók svo við völdum eftir þennan fund.

Stjórn hittist og fundaði fjórum sinnum frá því í júlí en mikil samskipti voru netleiðis og ýmis mál leyst þannig líkt og tíðkast hefur síðustu ár.

Helstu viðburðir félagsins eru sýningarnar en við höldum ávallt 2 sýningar í einu þ.e.a.s. ein á laugardegi og önnur á sunnudegi.

Haustið 2017 voru sýningarnar haldnar í húsnæði Dýraríkis í

Holtagörðum og að vissu leiti má segja að hafi gengið vonum framur þrátt fyrir þrengsli og hita en á sama tíma þá eru flestir sammála um að þetta verður ekki reynt aftur í bráð.

Vorið 2018 voru sýningarnar haldnar upp á Ásbrú og flestir sammála um að vel hafi til tekist og fékk stjórn ítrekað beiðni um að nýta þetta húsnæði aftur til sýningarhalds. Fyrir vorsýningu ákvað stjórn að taka bikaramálin í sínar hendur til að hafa eins verðlaun fyrir alla tegundarhópa. Til að fjármagna þetta að hluta var samið til tveggja ára við aðalstyrktaraðila okkar Dýrheima um hækkun á árlegum styrk þeirra til félagsins.

Í tengslum við sýningarnar gáfu Kynjakettir út fréttablöð sem innihéldu ýmsan fróðleik og greinar en einnig var þar að finna sýningarskrá fyrir sýningarnar.

Marteinn Tausen fór sem fulltrúi Kynjakatta á aðalfund FIFé sem haldin var í Bratislava í maí 2017 en formaður Kynjakatta mun fara á þessu ári fyrir hönd félagsins.

Stjórn Kynjakatta hefur verið að fara yfir fjármál félagsins og skoða hvað mætti betur fara eftir slæma stöðu á ársreikningum 2016, skorið hefur verið niður þar sem hægt var og félagið rekið meira eins og fyrirtæki og reynt að láta einstaki liði í rekstrinum standa undir sér eða helst skila einhverjum hagnaði.

Gagnagrunnurinn er að sigla í höfn og hafa þau Helga Karlsdóttir og Magnús Ágúst Magnússon unnið hörðum höndum í þessu stóra verkefni. Hluti nýja gagnagrunnsins hefur verið notaður á síðustu sýningum og lofar góðu.

Samkvæmt samþykkt síðasta aðalfundar þá hefur verið sent bréf til heilbrigðisráðs FIFe og er beðið svara við því.

Breyting verður á stjórn Kynjakatta á aðalfundi 2018 þar sem tveir meðlimir gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en það eru þær Sunna Ingvarsdóttir varaformaður síðustu tveggja ára og Jóna Dögg Sveinsdóttir sem hefur starfað sem ritari síðustu fjögur ár. Þökkum við þeim fyrir þeirra störf í þágu félagsins og samstarfið á þessu tímabili. Einnig hættir Helga Karlsdóttir sem sýningarstjóri en hún sækist eftir stöðu varaformanns til næstu tveggja ára.

Að lokum vill stjórn þakka skráningarstjóra og öðrum sem hafa lagt hönd á plóg fyrir okkar litla félag fyrir vel unnin störf.

Fyrir hönd stjórnar.  
Sigurður Ari Tryggvason  
Formaður Kynjakatta